

Kynna sér vinnubrögð lögreglu og tollfyrivalda erlendis

Fíknilyfjasendingar hingað í venjulegum bréfpósti?

□ Þótt sú staðreynd sé á margra vitorði að þó nokkuð um „efni“ sé á boðstólum a.m.k. í Reykjavík og sennilega víðar um land eru sérfræðingar og ráðamenn ekki sammála um, hvort eitru- eða fíknilyfjaflóðið sé þegar skolið yfir. Hinnu búast þeir fastlega við, að ekki muni liða á löngu þar til Íslendingar verði fyrir þessum „menningar“áhrifum sem öðrum frá nágrannalöndunum.

□ Að frumkvæði dómsmálaráðuneytisins hafa nú þrír fulltrúar lögreglu og tollfyrivalda verið sendir utan til að kynna sér vinnubrögð starfsfélaga sinna erlendis í þessum málum, en hætta er talin á að fíknilyfjum sé smyglað í pósthöggjum hingað og dæmi um að slíkar sendingar hafi jafnvel komið í venjulegum bréfpósti.

Að því er Jón Thors deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu sagði Þjóðviljanum álitu yfirvöld nauðsynlegt að fulltrúar lögreglu og tollgæzlu kynni sér, hvernig á að meðhöndla þessi mál til að vera viðbúinir þegar flóðið skellur yfir hér, — ef það er þá ekki þegar skolið yfir —, um það ber mönnum ekki saman. Hitt taldi hann ólíklegt, að við kemumst hjá þessum nýjustu „menningar“-áhrifum nágrannalöndanna.

Seinni hlutann í nóvember fóru utan á vegum ráðuneytisins þeir Kristinn Ólafsson lögreglufulltrúi, Sigurður Sigurðsson frá Tollgæzlunni í Reykjavík og Kristján Pétursson frá Tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli og eiga að kynna sér aðgerðir lögreglu og tollfyrivalda í Noregi, Svíþjóð, Englandi og Danmörku og munu þeir sennilega er heim kemur veita til sögn á fræðslunámskeiði sem í ráði er að halda fyrir tollverði og lögreglumenn.

Þjóðviljinn hefur fregnað að alengt muni að fíknilyfjum, einkum cannabis, sé smyglað hingað til lands í póstsendingum, aðallega smápökkum, en einnig falit í öðrum varningi. Ennfremur mun nokkuð um að efni sé jafnvel sent í bréfpósti t.d. var okkur sagt frá dæmi þess, að einn og sami viðtakandi fékk frá Danmörku um 20 bréf með hashi á stuttum tíma, lítið í hverju, en safnast þegar saman kemur, hefur sjálfstogi verið hugsun sendanda. Annars kvað hashið vera fullfyrirferðarmikið til bréfasendinga, hinsvegar mun auðvelt að senda LSD bannig. Aðrar aðferðir sem blaðið hefur heyrt dæmi um eru t.a.m. að setja efnið í rakkremstúbur og einnig inn í bækur, sem miðhluti miðisönnanna hefur verið skorinn úr. Þá mun hafa verið eitthvað um að grunlausir ferðamenn hafi verið beðnir fyrir bréf og böggla heim frá útlöndum.

Að því er Ólafur Jónsson tollgæzlustjóri sagði blaðinu, hefur ekki mikið fundist við leit í böggjum og á fólki eða í varningi þess, enda ekki leit að á ferðafólki yfirleitt nema eitthvað þyki grunsamlegt. Þó eru teknar einstaka stikkprufur, sagði hann, einkum á Keflavíkurflugvelli. Finnist eitthvað af lyfjum eru þau send í rannsókn, en af póstsendingum hefur helzt fundist eitthvað grunsamlegt í krossbandssendingum og þá frem-

ur pillur en cannabis til reykninga.

Tollgæzlan hefur ekki leyfi til að opna bréf, en fyrir kemur, að bréf eru stöðvuð hjá póstinum og send tollgæzlunni og viðtakendum þá kvaddir þangað til að skýra frá, hvað í þeim sé. Hafa komið upp nokkur þannig mál, sagði tollgæzlustjóri, en yfirleitt verið um að ræða lyf, sem viðtakendur hafa notað erlendis áður og/öð fengið send gegnum lækna og getað gert grein fyrir.

Samþykkt um landhelgismál

• Sjómannafélag Ísfirðinga hefur sent Alþingi svofelt bréf: „Fundur haldinn í Sjómannafélagi Ísfirðinga 10. des. 1970, lýsir eindregnum stuðningi við þingsályktunartillögu Hannibals Valdemarssonar, um stækkun fiskveiðilandhelgi fyrir Vestfirðum og Austfirðum.

Fundurinn skorar jafnframt á öll sjómannafélög á landinu að sýna þessu mikla hagsmunamáli sjómanna og allrar þjóðarinnar allan þann stuðning sem verða má, og beita öllum tiltækum ráðum til að fá tillöguna samþykkt á yfirstandandi þingi“.



HÍÐ ÍSL. BIBLÍUFÉLAG
Gullbrunnasöfn
Höfðingagötu 31, Sími 17003

Auglýsing

um kosningu til fulltrúabings F.I.B.

8. gr. laga félagsins:

„Félagsmenn í hverju hinna 6 undama, sem talin eru í 3. gr. skulu kjósa fulltrúa til fulltrúabings F.I.B., sem hér segir:

Umdæmi	I Vesturland	4 aðalfulltrúa og 4 varafulltrúa
—	II Norðurland	4 aðalfulltrúa og 4 varafulltrúa
—	III Austurland	4 aðalfulltrúa og 4 varafulltrúa
—	IV Suðurland	4 aðalfulltrúa og 4 varafulltrúa
—	V Reykjanes	6 aðalfulltrúa og 4 varafulltrúa
—	VI Reykjavík og ngr.	20 aðalfulltrúa og 10 varafulltrúa

Alls 42 fulltrúar og 30 varafulltrúar.

Kosningar til fulltrúabings skulu haldnar annað hvert ár.

Kjörtímabil fulltrúa er 4 ár og miðast við fulltrúabing.

Skal helmingur fulltrúa kjörinn á 2ja ára fresti.

Uppástungur um jafnmarga fulltrúa og varafulltrúa og kjósa skal, skulu hafa borizt félagsstjórninni í ábyrgðarbréfi fyrir 15. janúar það ár, sem kjósa skal. Komi ekki fram uppástungur um fleiri en kjósa skal, verður ekki af kosningu.

Með uppástungunum um þingfulltrúa skulu fylgja meðmæli eigi færri en 30 fullgildra félagsmanna. Berist ekki uppástungur, skoðast fyrri fulltrúar endurkjörnir, nema þeir hafi skriflega beðizt undan „endurkjöri“.

Samkvæmt þessu skulu uppástungur um helming þeirrar fulltrúatölu sem í 9. grein getur hafa borizt aðalskrifstofu F.I.B., Eirikegötu 5, Reykjavík í ábyrgðarbréfi fyrir 15. janúar 1971.

Reykjavík, 12. desember 1970.

F. h. stjórnar F.I.B.

Magnús H. Valdimarsson.

HÞ

DREGIÐ EFTIR 6 DAGA

GERIÐ SKIL SEM FYRST

HÉR ER BÓKIN

Guðmundur G. Hagalín: Sturla í Vogum

Hin sígilda, rammislenzka hetjusaga. — „Bókin kemur með sólskin og vorblá upp í fangið á lesandanum“. — Sveinn Sigurðsson, ritstjóri.

1904

Gunnar M. Magnúss:

Það voraði vel 1904

Gengið gegnum eitt ár Íslandssögunnar, og það eitt hinna merkara ára, og atburðir þess raktir frá degi til dags.



Jón Helgason: Maðkar í mysunni

Fagur og mikilvægur skáldskapur. Frásagnarlist Jóns bregzt ekki, hann ritar fagurt mál og snjallan stíl. Þessar sögur eru bókmenntaviðburður.




Jakobína Sigurðardóttir:

Sjö vindur gráur

Bók, sem vekja mun athygli allra bókamanna og ber öll beztu einkenni höfundarins: ríka frásagnargleði og glöggskygni á mannlegar veitur og kosti.

Þorsteinn Antonsson: Innflytjandinn

Á hótélherbergi í Reykjavík fer fram leynileg samningagerð við fulltrúa erlends ríkis. Spannandi skáldsaga um undarlega framtíð Íslands.



Jóhannes Helgi:

Svipir sækja þing

Skemmtilegar mannlysingar af Jónasi frá Hríflu, Ragnari í Smára, Þjóðkunnum listmálara, nóbelskálði og mörgum fleirum. Svipmyndir úr lífi höfundarins heima og erlendis.

Elinborg Lárusdóttir: Hvert liggur leiðin?

Nýtt og áður óprentað efni um fjóra landskunnna miðla og frásagnir fjölda nafngreindra og kunnra manna af eigin dulrænni reynslu.



Jakob Kristinnsson:

Vaxtarvörin

Jakob Kristinnsson fv. fræðslumálasti, var eftirminnilegur ræðumaður og fyrirlesari. Þessi bók er úrval úr ræðum hans og ritgerðum.

Sigurður Hreiðar: Gátan ræðin

Sannar sakamálasögur. Enginn höfundur fléttar saman jafn spennandi og dularfullar sögur og lífið sjálft. Þessi bók er geysilega spennandi.



Kenneth Cooke:

Heljur í hafsnauð

Hrikaleg og spennandi hrakningasaga tveggja sjómanna, sem bjargast eftir ofurmannlegar raunir. Jónas St. Lúðvíksson valdi og þýddi bókina.

Theresa Charles: Draumahöllin hennar

Dena var heilluð af hinum rómantísku sögu frá d'Arvanehöllinni. Og nú var hún gestur í þessari draumahöll. Fögur og spennandi ástarsaga.



Paul Marflin: Hjartablöð

Eftirsóttasta læknaskáldsaga síðari ára. Trúverðug, óvenjuleg og spennandi lýsing lífs á stóru amerísku sjúkrahúsi. Læknaskáldsagan, sem er öðruvísi en allar hinar.

Oscar Clausen: Aftur í aldir

Nýjar sögur og sagnir víðsvegar að af landinu. M. a. þættirnir: Gullsmíðurinn í Æðey, Frásagnir af Thor Jensen, Tveir sýslumenn Skagfirðinga drukkna. o. fl. o. fl.



Íslendingasögur

með núlíma stafsetningu

Það finna allir, hve miklu auðveldara er að lesa og njóta Íslendingasagna með þeirri stafsetningu sem menn eru vanastir. Gerizt áskrifendur, það er 25% ódýrara.

SKUGGSJÁ

Sími 50045

Strandgötu 31 — Hafnarfirði

FRÁ DECI TIL DAGS

skammdeginu

Margir hafa bent á það að í myrkasta skammdeginu virðist Íslendingum það hugfróun að hefja deilur, og verða þær einat, þeim mun grimmilegri sem tilefni eru smávarnari. Naumast verður dregið í efa að reynsla síðustu ára staðfestir þessa kenningu, og höfundur þessara pistla hlýtur að viðurkenna að hann fylgist ævinlega með slíkum orustum af mikilli athygli og ánægju; þær stuðla öðru fremur að því að halda virkum þeim hláturtaugum sem gera tilveruna þarilega meðan sólin virðir þetta eyland naumast viðlits. Deilur þær um hundahald sem mótað hafa skammdegið í vetur hafa verið einstakt góðgæti að þessu leyti, og í gær komst hnífur manna heldur betur í feiti, þegar sjálfur Halldór Laxness gerist aðili að þessari skammdegisíprótt með grein í Morgunblaðinu. Gamman er að sjá af hve fyrirhafnarlausri sníld Halldór til einkar sér þær reglur sem heyra til slíkum deilum. Það er einkenni þvilkra umræðna, að þeir sem hafa kenningu að flytja telja að allir þeir sem aðhyllast aðrar skoðanir séu heimskir eða illgjarnir eða geðbiladi, eða eitthvað þaðan af verra. Halldór segir um þá sem mælt hafa gegn hundahaldi í Reykjavík að sumir séu „einkennilegir sérþrúningar“ eða „fólk sem stendur á öðru menningarstigi en almenningur á Íslandi“ en aðrir „bersýnilega klikkaðir“ (sísófrénia, „kleyfugasýki“)“ eða „geðbillað fólk“. Sannar hann með mörgum og afar skemmtilegum dæmum hvernig þess háttar manneskjur dragi hrikalegar almennar ályktanir af einkar smávörnum til, efnum. En síðan færast hann heldur betur í aukana sjálfur. Hann heldur því fram að þeir sem frábitnir eru hunda-

haldi í höfuðborginni séu arftakar þeirra manna á miðöldum sem ánetjuðust þeim geðbilunarfaraldri „að leita uppi gamlar konur, einkum einstæðar og snauðar, og brenna þær á báli með þeirri röksemd að þær væru í sambandi við djöfullinn“. Í annan stað séu þessir menn skyldir þeim þjóðum sem „skipuleggja blóðbað á gyðingum ef eitthvað gengur úrskeiðis hjá þeim.“ Í rauninni séu þeir sama sinnis og illir Rússar og Þjóðverjar sem höfðu „fróðlega samvinnu um að skjóta 32 þúsund varnarlausar gyðinga, mestan part konur, börn og gamalmenni, hjá Baby Jar, gilskorningi fyrir utan Kiev 29-30. september 1941“.

Því fer fjarri að ég hafi hug á því að gera athugasemdir við svo ágætis kenningar; mér er það aðeins aðbúnaðsefni af hve einstæðri leikni Halldór Laxness tileinkar sér þau glímubrögð sem heyra skammdegisdeilunum til. Hins vegar vildi ég draga í efa þá kenningu hans að það sé algild regla hjá öllum þjóðflokum að náttúran hafi stofnað til tryggðabands milli hunds og manns, eins og hann kemst að orði. Til að mynda finnst þjóðir sem ala hunda til frálags; ég gekk innan um slíkar hundahjarðir í Vietnam fyrir nokkrum árum; þetta voru dýr með svipað höfðafar og aligrísir og kjötið af þeim ljúffengt með við sætum keim. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé að leggja til að nýrri tegund verði bætt við vörubúð hjá Sláturfélagi Suðurlands, aðeins til að benda á að Reykavíkingar hafa fullt leyfi til að ástunda hvaða sérþviku sem þeim sýnist á þessu sviði, ekki síður en aðrir. Og geti þessi athugasemd stuðlað að því að halda lífi í deilum um hundahald þar til sól tekur að hækka á lofti er hún ekki til einskis skrifuð. — Austri.